

Samantekt um Hellisgerði og tillögur um hvernig standa megi að endurskoðun garðsins.

Undanfarið hefur verið unnið að heildarendurskoðun á Vesturbæ Hafnarfjarðar með tilheyrandi deiliskipulagi fyrir svæðið þar sem hluti þess mun falla undir verndarsvæði í byggð. Innan svæðisins er Hellisgerði sem er margrómuð perla bæjarins. Nú fer að líða að því að garðurinn verði 100 ára og skv. lögum um menningarminjar fellur hann þar með undir friðunarákvæði þeirra laga. Garðurinn er vel að þeirri friðun kominn enda á hann sér merkilega sögu og hefur fágætisgildi á heimsvísu.



Hellisgerði. Ljósmynd: Sveinn Þormóðsson

HELLISGERÐI Í HAFNARFIRÐI, 1922

Hellisgerði hefur fágætisgildi á heimsvísu sem almenningsgarður á norðlægum slóðum vaxinn upp úr fjölbreyttu hraunlaglagi, sem er helsta sérkenni bæjarstæðis Hafnarfjarðar. Botninn í garðinum er mishæðottur með djúpum hraunbollum og háum hólum. Garðurinn var frá fyrstu tíð mótaður eftir sérkennum landsins þar sem bollar í hrauninu voru „innréttáðir“ sem dvalar- og samkomustaðir bæjarbúa. Undirbúningur að stofnun Hellisgerðis hófst árið 1922 að frumkvæði málfundafélagsins Magna. Markmiðið með gerð garðsins var þrjúþætt: Að vera ánægju- og hvíldarstaður bæjarbúa í tómstundum, að vekja áhuga bæjarbúa á trjárækt og síðast en ekki síst að varðveita hið úfna og sérkennilega landslag Hafnarfjarðarhrauns fyrir komandi kynslóðir. Því hefur verið haldið fram að Hellisgerði sé einn fyrsti landslagsgarður á Íslandi þar sem notkun og mótun svæðisins er felld fullkomlega að umhverfinu.⁵

Skjáskot úr skýrslu Garðar – lifandi minjar Aðferðir við verndarmat og skráningu gamalla garða.

Greinargerð með niðurstöðum Garðsöguhóps Félags íslenskra landslagsarkitekta - maí 2019. Nálágast má greinargerðina á heimasíðu Minjastofnunar á Gamliir-gardar-2019-10-02.pdf (minjastofnun.is)

Garðurinn hefur notið mikilla vinsælda gegnum tíðina og lögð hefur verið áhersla á að við endurskoðun deiliskipulags miðbæjarins verði horft til þess hvernig tengja megi betur Strandgötuna við Vesturbæinn og Hellisgerði. Að úr verði möguleiki á fallegri gönguleið um þessa hluta bæjarins sem getur eftt starfsemi miðbæjarins og aukið fjölda þeirra sem heimsækja Hellisgerði.

Til að tryggja að garðurinn haldi áfram að dafna og blómstra þarf að huga að núverandi tjágróðri og gróðursetningu nýrra. Auk þess þarf að tryggja að garðurinn geti tekið á móti auknum fjölda gesta. Til þess að slíkt geti orðið er mikilvægt að skrásetja garðinn og plöntur innan hans.

Aðgerðaráætlun þarf að liggja fyrir hvað varðar gróðursetningu og einnig þarf að huga að því með hvaða hætti megi útfæra betur göngustíga og aðkomu inn í garðinn þar sem aðgengismál eru höfð að leiðarljósi. Jafnframt þarf garðurinn að geta tekið vel á á móti gestum hvort heldur sem til almennrar útivistar eða á hátíðis- og tyllidögum. Ekki er fyrirhugað að byggja í garðinum heldur efla það sem fyrir er.

Lagt er til að landslagsarkitektar verði fengnir til að huga að framangreindum þáttum og að unnið verði heildstætt skipulag fyrir garðinn ásamt aðgerðaráætlun. Slíkt skipulag væri viðauki við deiliskipulag Vesturbæjar og væri því hægt að vinna það samhliða eða sér, óháð heildarendurskoðun hverfisins.

Gunnþóra Guðmundsdóttir